



## 1704040 – Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannsdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir fram eftirfarandi fyrirspurn:

*62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um fjárhagsáætlanir og bindandi áhrif ákvarðana sem þar eru settar fram. Í 1. mgr. 63. gr. segir m.a. „Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Ennfremur segir í 2. mgr. sömu gr. „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.?*

*Með vísan til fyrrgreindra ákvæða í sveitarstjórnarlögum óskum við undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara um það hvort og þá hvernig breyting á áætlun vegna framkvæmda við knatthúss í Kaplakrika telst standast ákvæði laganna.*

### Svar:

Í 4. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er vísað til þess að:

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitastjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Um skilyrði undantekningar þessarar skal kveðið í reglugerð, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem skilgreind eru þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki. Með hliðsjón af framangreindu er vísað til þess að breyting á áætlun vegna framkvæmda við knatthúsið Kaplakrika, styðst við heimild í 4. mgr. 63. gr. sveitastjórnarlaga hvað varðar tilfærslu fjármuna innan málaflokks án sérstaklega samþykktar viðauka sveitastjórnar.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Laga- og reglugerðar ákvæði gera þá kröfu að slík tilfærsla feli ekki í sér hækkun eða lækkun á fjárheimild málaflokksins í heild. Líkt og atvikum er hér háttað liggur það fyrir að hér er ekki um að ræða breytingu til hækkunar eða lækkunar og því ekki um auknar fjárskuldbindingar sveitarfélagsins að ræða.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Rósa Steingrimsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs